

133. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. júní 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Signý Magnfríður Jónsdóttir varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 132. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Árni Ásgeirsson frá Háskólasetri Snæfellsness kom á fundinn. Háskólasetrið mun setja bæklinginn upp og koma með tillögur að myndum. Gert er ráð fyrir að ljúka bæklingnum fyrir 1. október 2013.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Trausti fór yfir textadrög verndaráætlunarinnar. Stefnt er á að halda vinnufund til að ljúka yfirferð verndaráætlunarinnar í lok ágúst og senda þá út til sveitarfélaganna við Breiðafjörð til umsagnar.

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2012

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2012 var lögð fram og samþykkt. Formaður mun funda með umhverfis- og auðlindaráðherra fljótlega og afhenda honum starfsskýrsluna.

Magnús leggur fram athugasemd fyrir hönd Guðríðar varaformanns um að fundur í vettvangsferð þann 6. júlí 2012 hefði ekki átt að vera bókaður sem fundur.

Bókun frá Trausta:

Undirritaður situr hjá við afgreiðslu á starfsskýrslu ársins 2012 í heild sinni þar sem hann starfaði ekki í Breiðafjarðarnefnd mestan hluta ársins og sat aðeins tvo fundi á árinu 2012 og þá sem aðalfulltrúi í nýrri nefnd. Undirritaður gerir ekki athugasemd við þann hluta starfsskýrslunnar sem snýr að þeim fundum. Undirritaður vill gera alvarlega athugasemd við að í starfsskýrslu 2012 sé skráður fundur 6. júlí í vettvangsferð en þáverandi formaður nefndarinnar Guðríður Þorvarðardóttir hefur látið koma fram að formaður hafi ekki boðað til fundar í vettvangsferðinni. Þrátt fyrir þetta innheldur starfsskýrslan fund í vettvangsferðinni. Undirritaður telur það með öllu óásættanlegt að stofnað sé til fundar í Breiðafjarðarnefnd án samþykkis formanns nefndarinnar.



Önnur mál

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2013

Haldið verður í vettvangsferð um Breiðafjörð þann 25. júní n.k. Siglt verður frá Stykkishólmshöfn

Fundi var slitið kl. 14:40. Næsti fundur er áætlaður 25. júní 2013.